

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

HVAÐ FINNST ÞÉR SKEMMTILEGT? ANDROID FYRIR ALLA



LG Optimus

Mörg þúsund frí smáforrit á Android Market™

3,0" snertiskjár

3,2 megapixla myndavél

Tónlistarspilari og FM útvarp

Videóspilari (Divx og Xvid)

GPS og WiFi

Tölvupóstur með ActiveSync

Flýtleiðir á vefsamfélög (Facebook, Twitter o.fl.)

Android stýrikerfi á íslensku



og samstarfsaðilar þeirra um land allt

Það eru sjö myndir af Bubba Morthens á þessari blaðsíðu.

INFÓ

Guðmundur Reynir Gunnarsson
Gælunafn: Mummi.
Fyrstu sex: 21.01.89.
Hverfi: Seltjarnarnes.
Menntaskóli: MR.
Filar í tónlist: Coldplay, Elton John og Radiohead koma fyrst upp í hugann. Uppáhaldsplatán mín er OK Computer með Radiohead.
Filar í boltanum: Ég er Liverpool-maður. Gerrard og Torres eru flottir saman.
Filar í stærðfræðinni: Rúmfræðin er frábær og Pýþagoras er í algjöru upphaldi!



Mynd/Eggert facebook.com/mummimusic

Lítið spilaður í búningssklefanum

KR-ingurinn Mummi gefur út sína fyrstu plötu, **Various Times in Johnny's Life**

Guðmundur Reynir Gunnarsson er einn af lykilmönnum KR í Pepsi-deildinni í knattspyrnu, en hann kann fleira en að tækla menn í spað í þverröndotta búningnum. Í næstu viku gefur hann út sína fyrstu plötu undir gælunafni sínu, Mummi. „Þetta er svona píanópopprock, ekki ósvipað Coldplay og eitthvað út í Elton John og Billy Joel,“ segir Mummi til útskýringar á verkinu, en hann er sprenglærður píanóleikari. Platan hefur fengið nafnið Various Time in Johnny's Life. „Þetta er þemaplata sem fjallar um mitt fyrra líf. Hún fjallar sem sagt um persónuna Johnny, sem var ég í fyrra lífi, og textarnir segja sögu frá ýmsum atburðum sem áttu sér stað í því lífi,“ segir Mummi.

Létt skot frá liðsfélögnum
 Mummi hefur litlar áhyggjur af því hvort platan komi til með að njóta

vinsælda, en telur að lög af henni eigi vel heima í útvarpinu. „Ég hef fengið ágætis viðbrögð frá þeim sem hafa heyrt þetta, en síðan er bara að bíða og sjá. Ég er fyrst og fremst að gefa þetta út upp á gamanið fyrir mig,“ segir Mummi. Hann kvartar ekki yfir viðbrögðum liðsfélaga sinna í KR við tónlistinni. „Þeir taka þessu bara ágætlega. Þeir eru margir búnir að heyra þetta og list bara vel á held ég. Þeir eiga auðvitað til að skjóta eitthvað á mig, en það er bara á léttu nótnum,“ segir Mummi, en neitar því að lög hans séu mikið spiluð í búningssklefanum. „Það hefur komið fyrir, en þetta er kannski ekki beint tónlist til þess að koma sér í girinn fyrir leiki.“

Ólympíufari í stærðfræði
 Mummi hóf nám í hagfræði við HÍ síðasta vetur og segir að stefnan

sé að ljúka því ef hann flytur heim frá Svíþjóð, en þar er hann samningsbundinn félaginu GAIS frá Gautaborg og er aðeins hjá KR í láni. Mummi er nefnilega ekki bara að gera það gott í boltanum og tónlistinni, heldur er hann fantagóður námsmaður. Hann útskrifaðist sem semidúx frá MR og hefur þrívægis keppt fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í stærðfræði erlendis. „Mér gengur vel í skóla, við skulum bara orða það þannig,“ segir Mummi hógvæð þegar blaðamaður Monitor vill stimpla hann undrabarn og ofurheila. Hann segir stemninguna í kringum stærðfræðikeppnirnar og knattspyrnuna talsvert ólíka. „Það er óhætt að segja að fótboldamennirnir séu aðeins steiktari. Það er fínt að skipta á milli hópa, maður getur ekki hangið með sömu gaurunum alla daga.“

FÓTBOLTAMENN Í TÓNLIST

Mummi er ekki eini knattspyrnumaður Pepsideldarinnar sem er á kafi í tónlistinni. Ingó úr Veðurguðunum spilar á miðjunni hjá Selfyssingum og Jón Jónsson, sem gaf nýverið út lögin Latelý og Kiss in the Morning, varð bikarmeistari með FH á dögnum. Nú er bara að bíða eftir því að þeir þrír rotti sig saman og stofni bandið Sparktónar. „Ég er klár hvenær sem er,“ segir Mummi og hlær.

En hvað ætlar hinn fjölhæfi Mummi að verða í framtíðinni? „Fótboldtinn er í fyrsta sæti núna, en eftir það veit ég ekki hvað tekur við,“ segir hann rólegur.

Monitor mælir með

MAGANN Yoyo er glæný ísbúð á Nýbýlavegi 18 sem býður upp á jóguúrís í tugum mismunandi bragðtegunda. Þú útbýrð þinn ís sjálfur en svo er hann vigtaður og greitt eftir vigt. Þú þarft ekki að spara ísinn því hann er fítulaus og verðið kemur líka á óvart.



MAGANN Frú Berglaug er nýlegur veitingastaður á Laugavegi 12 þar sem lagt er upp úr gamaldagsstemningu, t.d. með þernubúningum þjónustustúlkanna. Þar er bæði hægt að sitja og spjalla yfir kaffibolla eða fá sér almennilega í svanginn. T.d. hrefnusteik eða plokkskif.

Á VEFNUM English.com hefur að geyma hundruði myndanna þýðingarvilla sem sést hafa á ýmsum skiltum eða varningi frá Asíu. Þar má finna margt sem kitlar hláturtaugarnar.



Bubbi á...

facebook GREATEST HITS

Bubbi Morthens
 Sólin kisti mig í morgun ég tók hana í fangið og hvíslaði pabbi elskar þig hún horfði á mig brúnum augum brosti og sagði at Búið
 5. apríl kl. 08:28

Bubbi Morthens Mold Mold
 áburður sól sól hjólbútur sviti lykt af súrefni Lífið.
 30. apríl kl. 10:48

Bubbi Morthens
 Öllum má vera það ljóst að það er munur á ljósi og ljósi.
 8. júní kl. 07:30

Bubbi Morthens Lífið
 kom til hans í þessum Fyrsta andardrætti sem skilur á milli?
 10. júní kl. 21:53

Bubbi Morthens
 Að reina sannfæra mann um að Guð sé ekki til er álfka að Reyna drekka sand.
 20. júní kl. 21:57

Bubbi Morthens
 Standa á bekknum umvafin grænni birtu með heiðina á móti sér heiðinn þakin blómum og berjalyngi áin niðar. Grænblár þungur straumurinn ber með sér orð frá liðnum tíma og allt er gott.
 9. ágúst kl. 19:36

Feitast í blaðinu

Vala Grand er flutt til foreldra sinna í Keflavík og er farin að deita á fullu. >>4

Sjóðheitir sjónvarpsþættir sem eru væntanlegir í haust skoðaðir. >>6

Gói var laminn fyrir að vera leikhúsnörd þegar hann var krakki. >>8

Stíllinn tekur fyrir pin-up tiskuna og skoðar nýja skólinu hjá Einveru. >>12

Hjörvar Hafliðason knattspyrnumaður og sjónvarpsstjama þreytir Lokaprófið. >>15

Efst í huga Monitor

Mórgurinn kveður Fésið

Sunnudagurinn 29. ágúst 2010 var mikill sorgardagur í sögu íslensku þjóðarinnar. Þá greindi Bubbi Morthens frá því að hann ætlaði að taka sér hlé frá Facebook. Þetta þýðir að landsmenn munu ekki geta haldið áfram að ylja sér og gleðjast yfir óborganlegum stöðuuppfærslum Bubba. Oft hefur Bubbi verið kallaður kóngurinn og Facebook er sannarlega ríki hans.

Lesendur Monitor hafa væntanlega tekið eftir því að Bubbi hefur verið tíður gestur í liðnum Víkan á Facebook hér til hliðar. Bubbi hefur raunar átt 19 stöðuuppfærslur í þeim 20 blöðum sem hafa komið út til þessa, en það er heimsmet. Brotthvarf hans frá Facebook er því mikil blóttaka fyrir Monitor og að sjálfsögðu alla íslensku þjóðina.

Monitor biðlar til Bubba að mendum skoða ákvörðun sína og koma aftur á Facebook. Íslenska þjóðin þarfnast þín.

Bubbi Morthens
 ER FARINN Í FÉSBÓKAR PÁSU KVED ALLA MED ÞÖKK FYRIR Sunnudagur 29. ágúst kl. 15:59





Mynd/Ernir

Deitið vildi hafa autt sæti á milli í bíóinu

Vala Grand er flutt til foreldra sinna í **Keflavík** þar sem hún ætlar að taka því rólega. Hún nýtur þess að vera á lausu og er byrjuð að deita.

„Ég þurfti bara að fá pásu frá brjálæðinu og áreitinu í bænum,“ segir glamúrþían Vala Grand, sem flutti í vikunni frá Reykjavík á heimaslóðir sínar í Keflavík. Þar býr hún nú ein með foreldrum sínum og segir það mikið dekurlíf. „Það er bara geðveikt meganæs að vera komin aftur á hótél mamma og pabbi. Ég er yngsta barnið og þau hafa gaman af því að dekra við mig,“ segir Vala.

Hún gekkst undir kynleiðréttingaraðgerð í byrjun sumars, en hefur að eigin sögn fengið lítinn tíma til þess að jafna sig og stöðugt verið í kastljósi fjölmiðla. „Ég gat varla farið niður í bæ. Hérna í Keflavík er miklu rólegra og það er þægilegt að vera hér á meðan ég er að reyna að ná mér aftur í jafnvægi. Ég þurfti mikið á þessu að halda,“ segir Vala.

Hún segist sjaldan hafa verið hamingjusamari, enda byrjuð að jafna sig eftir

Maður þarf að þrífa svo mikið. Klósettappírinn klárast bara einn, tveir og þrír.

aðgerðina sem hún þráði svo lengi að gangast undir. „Að fara frá því að vera með typpi yfir í að vera með píku er klikkað,“ segir Vala og þegar hún er beðin um að nefna dæmi um það sem er skrítnast við umskiptin segir hún hlæjandi: „Maður þarf að þrífa svo mikið. Klósettappírinn klárast bara einn, tveir og þrír.“

Voru hætt saman fyrir aðgerðina

Vala hefur undanfarin tvö ár búið með unnusta sínum, blikksmiðnum Baldvín Vigfússyni, en nýlega bærust fréttir af því að þau hefðu hætt saman. Vala segir að sambandslitin hafi í raun átt sér stað miklu fyrr en almenningur hélt. „Við vorum alveg hætt saman fyrir aðgerðina, en við vildum ekki segja neinum þá og létum eins og við værum bara hamingjusóm saman. Við ætluðum okkur að bíða með að tilkynna þetta í alveg hálf tveimur árum þjóðin var geðveikt


að styðja okkur saman. En svo gátum við ekki verið að þykjast lengur,“ segir Vala. Hún tekur fram að þau Baldvín séu enn mjög góðir vinir. „Við tölum reglulega saman, en það er ekkert á milli okkar lengur,“ segir hún. Baldvín og Vala sáu saman í Smirnoff-partíinu sem haldið var í Saltfélaginu á dögunum og þá spruttu upp sögur um að þau væru byrjuð aftur saman, en Vala þvertur fyrir það. „Það er bara rugl. Hann er að deita á fullu. Hann var úti í Frakklandi um daginn að missa sig yfir einhverjum frönskum gellum,“ segir Vala.

Myndarlegur en nautheimskur

Vala hefur síður en svo setið auðum höndum sjálf og nýtur þess í botn að vera á lausu. „Ég er búin að vera að deita og er með nokkra í takinu, en nú er ég bara að leita að hinum eina rétta. Það er einn sem ég er ógeðslega hrifin af, en ég vil ekki segja hver það er strax,“ segir Vala. Stefnumótin hafa þó ekki öll verið jafn góð.

„Um daginn fór ég í bíó með gaur og hann vildi hafa autt sæti á milli okkar og geymdi poppkornið þar. Hann vildi ekki að neinn sæi að við værum saman,“ segir Vala sem var að sjálfsögðu ekki sátt við uppátækið. „Mér líður eins og sumir gaurar komi fram

VALA GRAND ER MEÐ NOKKRA GAURA Í TAKINU, ENDA EFTIRSÓTT ÞÁ



Þrjú í sömu sæng

Vala hefur mikið verið með söngvaranum Haffa Haff síðustu vikur og segir erfið að vera svona langt fjarrí honum. „Ég sakna Haffa Haff ógeðslega mikið núna. Við erum alveg BFF. En ég sagði við Haffa að á meðan ég er í Keflavík hangi ég bara með Óla Geir í staðinn,“ segir Vala.

Komdu í klúbbinn sem lætur ekki bjóða sér hvað sem er

Viltu komast í útvalinn hóp fólks sem velur ekta hönnun og varast eftirlíkingar? Þá er ekta Vespa frá Piaggio eitthvað fyrir þig. Komdu og skoðuðu glæsilegt úrval í sýningarsal Heklu eða á vespur.is og vertu með í MC Vespa hópnum á Facebook.

Verð frá 489.000 kr.



Reynslan er góð!



Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



Fóstbróðir í forsetann?

Orðið á gótunni er að hópur fólks vilji að leikarinn Benedikt Erlingsson bjóði sig fram í embætti forseta Ísland þegar kosið verður árið 2012. Benedikt yrði ekki fyrsti meðlimur Fóstbræðra til að taka að sér valdastöðu á Íslandi, því Jón Gnarr varð auðvitað borgarstjóri í maí. Þá er bara spurning hvort annað hvort Sigurjón Kjartansson eða Þorsteinn Guðmundsson gæti orðið forsætisráðherra þjóðarinnar.



Níu vikur í röð á toppnum

Helgi Björnsson og Reiðmenn vindanna gáfu fyrr í sumar út plötuna Þú komst í hlaðið og hefur hún svo sannarlega malað gull. Platan hefur verið sú mest seld á Íslandi síðan hún kom út - í heilar níu vikur - og hefur selst í um fjögur þúsund eintökum. Þú komst í hlaðið verður því vafalaust á meðal mest seldu plötna ársins í hópi með Diktu-plötunni Get It Together og fleiri góðum gripum.



**AVRIL
LAVIGNE™**

Forbidden Rose



Dare to Discover

www.avril-lavigne-perfumes.com

www.avrillavigne.com



Running Wilde

Framsýning: 21. september.
Lengd: 21 mín.
Sýndur á Fox.
Steve Wilde (Will Arnett) er sonur olíuauðkíffings og hann hefur aldrei gert nokkuð í lífinu sem talist getur góðverk. Einu vinir hans eru bílstjórinn hans og barnfóstran/öryggisfulltrúinn hans. Dag einn endurnýjar hann kynnin við grunnskólaástina sína, Emily, en hún er orðin ötull umhverfisverndarsinni og hefur hug á að nota tengsl sín við Steve til að koma höggi á olíurisann, föður hans. Dóttir Emily, sem ber nafnið Puddle, leggur hins vegar allt kapp á að mamma hennar og Steve byrji saman því hún er komin með nóg af að fylgja mömmu sinni á milli regnskóga.

Will Arnett er þekktastur fyrir hlutverk sitt sem misheppnaði töframaðurinn Gob í Arrested Development, en þessir nýju þættir eru einmitt samstarfsverkefni hans og Mitchell Hurwitz, manninum á bak við Arrested Development. Fleiri leikurum úr þeim þáttum mun bregða fyrir í Running Wilde því David Cross, sem lék hinn hýrlega Tobias, verður fastagestur hjá Arnett og félagum.



Sjóðheitt og væntanlegt

Stóru sjónvarpsstöðvamar vestanhafs keppast nú við að dæla út nýjum sjónvarpsþáttum fyrir haustið. **Monitor** skoðaði úrvalið og tók saman þá heitustu og feitustu sem þú vilt fylgjast með í vetur.


£#! My Dad Says

Framsýning: 23. september.
Lengd: 21 mín.
Sýndur á CBS.
Gamli jaxlinn William Shatner snýr aftur á skjáinn í þætti sem byggður er á hinni vinsælu Twitter-síðu „Shit my dad says“, þar sem ungur rithöfundur deilir með lesendum ýmsum vafasömum ummælum sem faðir hans lætur út úr sér um menn og málefni. Í þáttunum segir frá Ed Goodson (Shatner), óhefluðum, fyrirverandi herskurðlækni sem fær nóg af því að búa einn og fær son sinn, atvinnulausan rithöfund, til að búa hjá sér.



Blue Bloods

Framsýning: 24. september.
Lengd: 45 mín.
Sýndur á CBS.
Mottumeistarinn Tom Selleck er hér mættur í skotheldu löggudrama. Þar leikur hann lögreglustjórn Frank Reagan sem reynir að halda böndum á lögreglulíðinu í New York og fjölskyldu sinni, sem öll starfar innan geirans. Elsti sonurinn glímur við ýmis vandamál eftir að hafa barist í Írak, annar sonurinn hætti í laganámi til að gerast löggæfingur eftir að þriðji sonurinn lést við lögreglustörf. Þá er dóttirin saksóknari og reynir hún að koma karlmönnum í fjölskyldunni í skilning um að aðferðir þeirra leiða ekki alltaf til sakfellingar þótt þær virðist virka til skamms tíma.



Boardwalk Empire

Framsýning: 19. september.
Lengd: 56 mín.
Sýndur á HBO.
Leikarinn Steve Buscemi slæst hér í för með ekki ófrægari framleiðendum en Martin Scorsese og Mark Wahlberg, en Scorsese leikstýrði einmitt fyrsta þættinum. Boardwalk Empire gerist í Atlantic City í New Jersey á þriðja áratug síðust aldar, á bannárunum, og bregður þekktum söguhetjum á borð við glæpaforingjann Al Capone fyrir.

My Generation

Framsýning: 23. september.
Lengd: 43 mín.
Sýndur á ABC.
Grínþættir í heimildar-myndarstíl þar sem fylgst er með hópi fólks sem á 10 ára útskriftarafmæli úr grunnskóla. Hoppað er fram og til baka í tíma en fleira hefur breyst en margir átta sig á. Grunnt er á gömlum tilfinningum og gömul skot segja til sín.



Outsourced

Framsýning: 23. september.
Lengd: 21 mín.
Sýndur á NBC.
Þegar Todd Dempsey snýr aftur úr þjálfun til að stjórna úthringiveri í Kansas, kemst hann að því að starfsemin hefur verið færð til Indlands í sparnaðarskyni. Á Indlandi tekur hann við heilli skrifstofu af óundirbúnum, skrautlegum Indverjum sem hann þarf að þjálf til að selja bandarískum neytendum varning á borð við gervíælu, prumpu-bliðður, beikonveski og syngjandi dádýrshöfuð. Gert verður út á menningarmun á Ameríkönunum og Indverjum en framleiðendur lofa að þætt-



irnir séu samt meira en einn langur Indverjabrandari. Leikstjórnin er hinn sami og leikstýrði bandarísku Office-þáttunum.



The Event

Framsýning: 20. september.
Lengd: 43 mín.
Sýndur á NBC.
Þessir þættir eru sagðir eiga að leysa Lost af hólmi. Fátt er gefið upp en í fyrsta þætti er fylgst með því hvernig hamingjusamur ungur maður, við það að biðja kærustu sinnar, breytist á 11 dögum í mann sem dregur upp byssu í flugvél. Í lok þáttarinnar á sér stað einhver atburður sem breytir öllu, jafnvel hugmyndum okkar um mannkynið og framtíð þess.

Gamalkunn andlit í nýjum löggubáttum

Tveir leikarar sem hafa vakið athygli með athöfnum sínum á Bláregnskólóð reyna fyrir sér á nýjum vettvangi í vetur. **Jesse Metcalfe**, sem hitaði aldeilis upp í húsmæðrunum sem garðyrkjudrengurinn John, er kominn í fullorðinslutverk í löggubáttunum Chase, þar sem hann eltir uppi strokufanga. **Dana Delany**, sem leikur Katherine í Desperate Housewives, er einnig kominn í glæpamálin í nýjum þætti, Body of Proof. Þar leikur hún forvitinn krufingarlækni sem neitar að hætta að grafa fyrir en hún hefur komist að öllu um fórnarlömbin sem hún fær inn á borð. **Michael Imperioli**, sem lék Christopher Moltisanti í The Sopranos, er einnig kominn í löggubátt. Sá nefnist Detroit 1-8-7 og fjallar um rannsóknarlöggu, þá bestu í borginni, sem á það til að bindast málum sínum af sterkum böndum. Þá er kominn enn ein útgáfan af Law & Order og er Los Angeles nú söguviðið. Þar er aðalmaðurinn leikinn af **Skeet Ulrich** sem margir þekkja úr myndinni *Scream*.



Aðalleikarar þáttanna eru sjónvarps-sjúklingum vel kunnir. Þar er kominn Julie Benz sem aðdáendur Dexters þekkja sem Ritu en á móti henni leikur Michael Chiklis úr The Shield. Þótt þessir þættir virðist vera léttmeti má búast við ágætis fjölskyldudrama því framleiðandi þáttanna er einnig maðurinn á bak við þættina Brothers & Sisters.





UNDANKEPPNI EM 2012
 A LANDSLIÐ KARLA
 LAUGARDALSVÖLLUR
ÍSLAND – NOREGUR
 Á FÖSTUDAG KL. 19:00

Miðasala á midi.is
 Rautt svæði kr. 5.000 (forsala kr. 4.500)
 Blátt svæði kr. 3.500 (forsala kr. 3.000)
 Grænt svæði kr. 2.000 (forsala kr. 1.500)
 50% afsláttur fyrir 16 ára og yngri



BORGUN

Allt af í boltanum með KSI



ICELANDAIR



Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í stúkum.
 Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völinn.
 Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við inngönguhlið.
 Áhorfendur á rauðu og grænu svæði ganga inn um aðgönguhlið í vesturstúku.
 Áhorfendur á bláu svæði ganga inn um aðgönguhlið við austurstúku við Valbjarnarvöll.

BORGUN LEIKUR ÁN FORDOMA 

Laminr

▲▲ Ég var ekki
alveg eins kúl
og ég hafði hugsað mér.
En engu að síður sagði
hún já, við giftum
okkur og erum voða
hamingjusöm í dag.

viðtalið

Þú fyrir að hlusta á útvarpsleikhúsið í unglíngavinnunni

Góí leikur aðalhlutverkið í einni vinsælustu leiksýningu landsins, fer með stórt hlutverk í fyrstu íslensku 3D-myndinni og hefur tekið að sér að stýra skemmtiþættinum sem tekur við af Spaugstofunni í vetur. Geri aðrir betur!

Texti: Björn Bragi Arnarsson
Myndir: Ernir Eyjólfsson

bjornbragi@monitor.is
ernir@mbl.is

Guðjón Davíð Karlsson, sem ævinlega er nefndur Góí, hefur átt viðburðaríkt ár. Nú á föstudag hefjast sýningar á hinni geysivinsælu leiksýningu Gauragangi að nýju eftir sumarfrí, en þar fer hann með hlutverk aðalpersónunnar Orms Óðinssonar. Viku síðar verður kvikmyndin Algjör Sveppi og dularfulla hótélherbergið frumsýnd, en þar er um að ræða fyrstu íslensku þrívíddarmyndina og fer Góí með eitt af aðalhlutverkunum. Þá hefur hann tekið að sér að stýra skemmtiþættinum Hringekjan, sem sýndur verður í Sjónvarpinu á laugardagskvöldum í vetur, og fer fyrsti þátturinn í loftið eftir réttan mánuð. Góí er þó fyrst og síðast fjölskyldumaður og eyðir naumt skömmtuðum frítíma með eiginkonu sinni og ungum syni.

Góí útskrifaðist sem leikari frá Listaháskóla Íslands árið 2005, starfaði þrjú ár hjá Leikfélagi Akureyrar og hefur síðan verið í Borgarleikhúsinu. Hingað til hefur varla verið skrifað um Góa án þess að minnst á þá staðreynd að hann er sonur biskups Íslands, Karls Sigurbjörnssonar, og þar af leiðandi barnabarn annars fyrrum biskups, Sigurbjörns Einarssonar. Miðað við sigra Góa að undanförmu er þó stutt í að taflíð snúist við og menn faria að tala um biskupinn sem pabba leikarans.

Hversu líklegt fannst þér að ég myndi byrja viðtalið á því að spyrja þig hvort þú ætlaðir aldrei að verða prestur eins og pabbi þinn og afi?

Ég taldi yfirgnæfandi líkur á að sú spurning myndi poppa upp. Það er kannski ekkert skrytið að ég fái alltaf þessa spurninguna, en henni hefur auðvitað verið svarað óvenju oft. Ég hafði samt trú á Monitor og hugsaði með mér: „Ætli þetta verði fyrsta viðtalið sem ég verð ekki spurður? Það skyldi þó ekki verða.“

Voru gömlu mennirnir aldrei að pressa á þig að feta þeirra braut?

Nei, það var aldrei nein pressa á mig. Ég ákvað líka svo snemma að verða leikari, ég var örugglega fimm ára og fjölskyldan bara studdi mig í því. Ég held að þau hafi játað sig síguð strax, enda kom ekkert annað til greina hjá mér.

Þetta eru kannski ekki svo ólík störf, presturinn og leikarinn. Báðir þurfa að koma fram, tala til fólks og reyna að kalla fram einhverjar tilfinningar.

Einmitt, þetta er mjög líkt. Helsti munurinn er sá að ég losna við að skrifa leikritin á meðan þeir þurfa alltaf að skrifa ræðurnar sínar. Ég fæ þetta bara tilbúið. Að vera leikari er prestsstarf fyrir þá sem eru latir.

Þú ert búinn að taka að þér að stýra þættinum sem kemur í stað Spaugstofunnar í Sjónvarpinu. Hvað erum við að tala um?

Þetta verður skemmtiþáttur strax á eftir fréttum á laugardagskvöldum. Fyrsti þátturinn fer í loftið 2. október. Þetta á að vera „alls konar“ þáttur, ef svo má að orði komast. Við ætlum að heimsækja landsbyggðina - Katla Margrét Þorgeirsdóttir leikkona er með mér í þessu og ætlar að vera dugleg að fara út á land. Við ætlum að leita að hæfileikaríkasta Íslendingnum. Við verðum líka með grínatriði sem við erum á fullu að skrifa núna og Ari Eldjárn verður með uppistand í hverjum þætti. Svo verða auðvitað viðtöl og spjall. Markmiðið er fyrst og fremst að gera sprúðlandi skemmtilegan þátt. Engir stælar og engin tilgerð, bara skemmtilegt laugardagskvöld.

Þátturinn hefur fengið nafnið Hringekjan. Hefði ekki verið betra að nota nafnið Guðsstofan, svona í ljósi nafns þíns, bakgrunns og þeirrar staðreyndar að þú ert að taka við slottinu af Spaugstofunni?

Guðsstofan? Heyrðu já, ég ætla að hugsa þetta. Þú tékkar svo bara á Textavarpinu hvort nafnið varð fyrir valinu. (Þetta svar fær 9 kaldhæðnisstig af 10 mögulegum.)

Markhópur Spaugstofunnar var kannski frekar í eldri kantinum en yngri. Fyrir hverja verður Hringekjan?

Þetta er þannig tími að ég held að þetta verði að höfða til allra, þannig að við erum að leggja upp með að amma og afi geti horft á þetta með barnabörnunum og allir þar á milli. Svo bara vonar maður að það heppnist.

Gauragangur er að fara aftur af stað. Þegar leikritið var frumsýnt síðasta vetur talaðir þú um að það væri pressa að leika sama hlutverk og Ingvar E. Sigurðsson gerði upphaflega. Er Ingvar búinn að sjá leikritið?

Já, það var pressa að fara að leika sama hlutverk og hann gjörsamlega tók í nefið. Ég sá sýninguna með honum fimm sinnum og fannst hann alveg geðveikur. En Ingvar mætti á frumsýninguna okkar og hann var bara voðalega ánægður. Það var mjög uppörvandi að tala við hann. Hann er náttúrulega svo yndislega kurteis og ljúfur maður og laus við allan hroka. Hann er ekki beint týpan sem myndi segja: „Góí hvað er að þér? Ertu fávíti að klúðra þessu hlutverki?“

Það er góð smokkasena í Gauragangi...

Það er sena þar sem ég skít smokk út í sal og hún hefur verið svolítið skrautleg. Smokkurinn hefur bæði lent í andlitinu á gamalli konu og svo hefur hann lent í andlitinu á barni. Ég veit hreinlega ekki hvort er verra. En ég get með engu móti stjórnað því hvert smokkurinn fer og sé náttúrulega ekkert út í sal.

Þú ert nýbúinn að leika í kvikmyndinni Algjör Sveppi og dularfulla hótélherbergið. Áttu einhverja góða sögu frá upptökunum?

Myndin er náttúrulega ekki tekin upp í réttari tímaröð og maður er svolítið að flakka um í tíma. Einn daginn kom Bragi (Þór Hinriksson, leikstjóri) alveg sveittur eftir að hafa verið að skoða upptökurnar, því þá var alveg mismunandi hvort Sveppi var í úlpu eða ekki í ákveðnu atriði. Sveppi er svo mikill snillingur að hann kom bara með lausnina á þessu. Hann lét Braga stilla upp myndavélinni og sagði Villa að koma og ýta honum á einhverju þrihjól. Atriðið byrjaði þar sem hann var í úlpunni, en síðan reif hann sig úr henni og henti henni frá sér. Svo var bara hægt að bæta þessari senu við þegar hann var ekki í úlpunni og það þurfti ekkert að hugsa meira um það. Þetta var eitt af mörgum skemmtilegum atvikum sem komu upp. Það var ótrúlega gaman að gera þessa mynd og endalaust stuð við upptökurnar.

Sýningar sem öllum fannst leiðinlegar, meira að segja fólkinu sem lék í þeim, fannst mér bara skemmtilegar.

HRADASPURNINGAR

Besta leikrit allra tíma? Gauragangur.

Draumahlutverkið? Ormur Óðinsson. (Góí fær strax tvö refsistig fyrir ofurplögg.)

Uppáhaldsgosdrykkur sem hætt er að selja á Íslandi? Póló

Uppáhaldsútrásarvíkingur? Þessi er erfið. Íþróttálfurinn.


Uppáhaldspersóna í Biblíunni? Davíð úr sögunni um Davíð og Góliat.

Það sjúkasta sem þú hefur séð á netinu? Það sem mér finnst sjúkast eru Facebook-pör sem eru alltaf að tala saman í gegnum Facebook. Maður sér að þau eru saman í sitt hvorri tölvunni að „læka“ hjá hvort öðru. Bloggarar finnst mér líka sjúkir. Ég hata bloggara.

Hvaða bíómynd sástu síðast? The Blind Side með Söndru Bullock. Mér fannst hún alveg ógeðslega væmin.

Edward eða Jacob? Ég veit ekkert um Twilight-myndirnar, en ég segi Edward.

Uppáhaldsstaður á jörðinni? Ísland eins og það leggur sig.



Hvaðan kemur Góa-nafnið?

Þetta er eiginlega komið frá systur minni. Ég veit ekki hvort það var af því að hún gat ekki sagt Guðjón, en hún allavega byrjaði á þessu. Það bara festist við mig og ég er alltaf kallaður Góí. Meira að segja í skóla var ég lesinn upp sem Góí. Þetta nafn var nýlega samþykkt hjá Mannanafnanefnd. Það hringdi einhver blaðamaður í mig af því tilefni, en þá voru margir sem misskildu þetta eitthvað og héldu að ég hefði beðið um að láta breyta nafninu mínu í Góí. Það er nú ekki ætlunin.

Góí er líklega betra viðurnefni en Gaui Dabbi?

Miklu betra. Gaui Dabbi væri alls ekki gott.

Er ekki tímaspursmál hvenær sælgætisgerðin Góa biður þig um að vera andlit í herferð hjá sér?

Um hverja einustu páska bið ég eftir símtalinu. Ég gæti jafnvel verið figúra ofan á páskaeggjunum þeirra. Það væri draumur.

Góa fyrir Góa?

Já. Þeir hljóta að minnsta kosti að fara að markaðssetja Góa-rúsínur með mynd af mér á umbúðunum.

Hvernig týpa varstu þegar þú varst yngri?

Ég var rosalega venjulegur og örugglega nettur lúði. Ég hafði mikinn áhuga á leiklist og þegar ég var 10 ára tók ég upp á því sjálfur að kaupa mér áskriftarkort í Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið. Ég mætti jafnvel einn á sýningar og fannst alltaf gaman. Sýningar sem öllum fannst leiðinlegar, meira að segja fólkinu sem lék í þeim, fannst mér bara skemmtilegar. Ég elskaði að fara í leikhús. Þannig að ég held að ég myndi alveg flokkast sem lúði, en það er bara gott.

Voru menn eitthvað að böggja þig út af þessu?

Ég var einu sinni laminn í unglíngavinnunni fyrir að vera að hlusta á Ríkisútvarpið. Ég átti stafrænt vasaútvarp sem sýndi stórum stöfum hvaða útvarpsstöð maður var að hlusta á. Þannig að það stóð bara RÚV1 á vasaútvarpinu og ég var alveg úthrópaður fyrir það að

vera að hlusta á Gufuna í unglingsvinnunni. Þá var ég alltaf að hlusta á útvarpsleikhúsið sem mér finnst alveg geggjað dæmi. En mönnum fannst ég algjör fáviti að vera að hlusta á Ríkisútvarpið en ekki FM957 eða eitthvað svoleiðis.

Þú hefur áður talað um að þú hafir lent í einelti á þínum yngri árum í Austurbæjarskóla og verið tekinn fyrir af því að pabbi þinn er prestur.

Já, ég var kallaður „prestadjöfull“ og svona. Ég veit samt ekki hvort ég á að þora út í þessa umræðu. Ég opnaði mig um þetta í viðtali um daginn og fékk í kjölfarið símtal frá skólastjóranum sem var ekki sáttur við þá frásögn mína. En einelti er auðvitað mál sem má aldrei þagga niður, það á alltaf að tala um það. Það má samt koma fram að mér finnst Austurbæjarskóli frábær skóli, ég var heppinn með kennara og á mjög góðar minningar yfir það heila, þó að það hafi verið erfið tímabil inn á milli.

Var þetta alvarlegt?

Þetta var voða mikið í orðum, en ég var alveg tekinn fyrir og það var setið fyrir mér eftir skóla. Þetta fór leynt. Þeir náðu mér einum, kannski þegar ég var að labba heim úr skólanum og ég var látinn biðja fyrir mér fyrst að ég var svona vel tengdur. En ég náði alveg að hrista þetta af mér. Ég vorkenndi þeim bara hvað þeir voru hallærislegir að gera þetta. En það gleymist oft í umræðunni um einelti að bæði gerandinn og þolandinn eru fórnarlömb. Manneskju sem leggur aðra manneskju í einelti hlýtur að líða mjög illa.

Þú ert mikill fjölskyldumaður og nýlega kvæntur, ekki satt?

Jú. Ég giftist konunni minni í fyrrasumar og við eigum saman strák sem verður tveggja ára núna í september.

Mér finnst allt sem hann gerir skemmtilegt og ég hlakka til á hverjum morgni að vakna með honum og heyra snilldina sem hann kemur með. Konan mín er hjúkrunarfræðingur og er að læra að verða ljósmóðir, sem mér finnst einhver flottasti starfstíll sem til er. Ég held að þú finnr ekki magnaðara starf en þetta, að verða vitni að kraftaverkum hvern einasta dag. Á meðan er ég bara að segja brandara eða að syngja eitthvað lag og maður bara skammast sín við hliðina á henni.

Hvernig baðstu konunnar þinnar?

Ég klúðraði því svolítið. Þetta var þegar við bjuggum á Akureyri. Hún var að koma heim frá Bandaríkjunum og ég sótti hana á flugvöllinn. Við fengum okkur að borða og svo fór ég með hana í bíltúr. Við keyrdum um Akureyri og fórum svo hinum megin við Pollinn upp í Vaðlaheiði. Ég var alveg búinn að plana þetta maður, með hringinn í vasanum og svakalegur gæi. Svo stoppa ég bílinn og ætlaði að fá hana með mér út úr bílnum, þar sem við vorum með útsýni yfir Akureyri og ég ætlaði að biðja hennar þar. Ég spurði hvort við ættum ekki að kíkja aðeins út, en hún sagði: „Nei, það er svo kalt úti.“ Byrjaði ekki vel, en ég sannfærði hana um að koma út úr bílnum. Svo sný ég að henni og þá fer hún með höndina í átt að jakkanum og ég stressast allur upp, sný mér hratt undan og bara: „Hvað ertu að gera?“ Því ég var með hringinn í jakkavasanum. Þannig að hún spurði: „Bíddu hvað ertu með þarna?“ Þá dró ég fram hringinn. Ég var ekki alveg eins kúl og ég hafði hugsað mér. En engu að síður sagði hún já, við giftum okkur og erum voða hamingjusöm í dag. Þannig að allt fór vel að lokum.

■ ■ Þeir náðu mér einum, kannski þegar ég var að labba heim úr skólanum og ég var látinn biðja fyrir mér fyrst að ég var svona vel tengdur.



GALLABUXNAÚRVALIÐ ER Í BLEND



Style 6345
wash #933
11.990,-



Style 6881
wash #902
9.990,-



Style 6881
wash #939
11.990,-



Style 6053
wash #902
11.990,-



Style 6518
wash #916
11.990,-



Style 6646
wash #844
11.990,-



Style 6910
wash #100
9.990,-



Style 6910
wash #100
9.990,-



Style 6907
wash #844
11.990,-



Kringlan // Smáralind
www.blendcompany.com

BLEND[®]
THE MODERN ART OF VINTAGE

Brigitte Bardot fyrrum fyrirsæta sagði eitt sinn að hún gæti ekki gert sömu hlutina hvert einasta kvöld. Það væri eins og að fara í skítugar nærbuxur á hverjum degi.

Við elskum Pin-ups

Tískan frá tímabilinu eftir seinni heimsstyrjöldina er að koma sterk inn í haust

Tískan í kringum 1950 var gríðarlega falleg og vinsæl. Tískan undirstrikar kvenlegar línur, sýnir órlítið hold en fer þó ekki yfir strikið. Fallegir kjólar, rauðir varalitir, háir hælur, hanskar, klútar, slaufur, blúnda, sokkabuxur, samfellur, kápur og vandaðar hárgreiðslur einkenna þetta tímabil. Kvenleikinn skín í gegn. Í nýjstu tískublöðunum er mikið farið að glitna í nákvæmlega þetta og ákvað Stíllinn að klæða Katrínu Ellu Jónsdóttur í þrjú dress með árið 1950 í huga og varð útkoman svona modern 50s. Nú geta allir 50s-aðdáendur fagnað. The fifties are back!



DRESS 1
Kápa, Topshop 29.990
Skór, Topshop 26.990
Klútur, Skarhúsið 2.500
Veski, Spúútník 3.500



DRESS 2
Kjól, Spúútník 7.500
Skór, Topshop 20.990
Glerperlur, Skarhúsið 2.000
Sólgeraugu, Skarhúsið 1.500
Regnhetta, einkaeign

DRESS 3
Buxur, Spúútník 5.600
Skór, Topshop 24.990
Klútur, Skarhúsið 990
Spöng, Skarhúsið 500
Hanskar, Skarhúsið 2.400
Samfella, Topshop 6.990



Myndir/Golli
Módel/Katrín Ella

Einvera með nýja skólínu frá Jeffrey Campbell

Stíllinn heimsótti systurnar í **Einveru** sem eiga von á glæsilegri skólínu

Systurnar Katrín Alda og Rebekka Rafnsdætur eiga búðina Einveru á Laugavegi. Búðin hefur vakið mikla lukku og hanna þær systur undir nafninu Kalda. Einvera er nú að taka inn nýja skólínu frá merkinu Jeffrey Campbell.

„Jeffrey Campbell er amerískt skómerki sem er núna að ryðja sér til rúms á evrópskum markaði. Skórnir eru mjög vandaðir, unnir úr ekta leðri. Þetta hefur lengi verið uppáhalds-skómerkið mitt og er ég því mjög ánægð með að hafa fengið það inn í Einveru,” segir Rebekka.

Að sögn Rebekku eru öll helstu tískubloggin að tala um merkið í dag og eru systurnar fullvissar um að þeir sem hafa dálæti á skóm hér heima eigi eftir að falla fyrir þeim. „Við höfum alltaf unnið með það að markmiði að taka ekki inn vöru í of miklu magni og kúnnarnir okkar kunna mjög vel að meta það. Við reynum því að taka inn fleiri stíla og færri pör.” Von er á Jeffrey Campbell sendingunni í vikunni og Stíllinn bíður spenntur eftir þessum glæsilegu skóm.



Þetta hefur lengi verið uppáhalds skómerkið mitt og ég er ánægð með að hafa fengið það inn í Einveru



MAKE UP STORE:
2.690 KR

HAUST naglalökk

Stíllinn athugaði hvað væri í boði á naglalakka-markaðnum og fékk upplýsingar um hvað væri heitt í haust. Litirnir eru í dekkri kantinum en einnig verða pastellitir mjög vinsælir. Sniðugt er að blanda hvítu naglalakki með öðrum lökkum til að fá pastellitina. Stúlkurnar í MAC gáfu Monitor lesendum góð ráð við hvernig sé best að geyma naglalökk til að þau endist lengur.

Gamla trixið sem amma þín hefur miðlað til þín er eflaust að geyma lökkinn inni í ísskáp. Hins vegar töldu MAC-stelpurnar það ekki heppilegt. Best er að geyma lökkinn á dimmum stað.

Kannastu ekki við það þegar þú ert að lakka neglurnar að þá demparðu burstanum á krukkuhausinn til að minnka aðeins magnið af lakki í burstanum. Við þetta storknar lakkið í kring og verður til þess að að krukkan lokast ekki jafn þétt og getur naglalakkið því þyknað sem þ.a.l. styttir endingartímann. MAC-stelpurnar gáfu gott ráð varðandi þetta, einfaldlega að setja smá asetón í bómull og þrifa lakkið í kringum krukkuhausinn. Þá lokast naglalakkið þéttar og endist mun lengur!



LYF OG HEILSA:
2.990 KR.

MAC:
3.490 KR



Coca-Cola kynnir

1. árs

* "Veistu hvað ég gerði barna á gamla forðinum, bauð þeim öllum þremur far og..."

kveikt' á Kananum"

* „Komd' i party"

Kaninn verður eins árs 2. sept. og heldur upp á afmælið sitt með hlustendum og starfsfólki með Risa partýi á fimmtud.kvöldið

á Nasa!

Miðinn gildir fyrir þig og eitthvað eldheitt stykki sem er til í að koma með þér

HRINGDU NÚNA Í
571 1111
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MEÐA

Fram koma: Sálin hans Jóns míns, Páll Óskar, Ingó, Skítamórali, Jón Jónsson & Dj Atli.



Einar Ágúst, Þór Bæring, Ásgeir Páll, Einar Bárðarson, Siggí Gunnars, Lís Einarsson og síðastur en ekki sístur Bjarni "Daddi Diskó" Ólafur Guðmundsson, þjóðhátíðar-kynnirinn sjálfur

Húsið opnar 21:00 og tekið verður á móti gestum með drykkjum og daðri

FERILLINN



Will Ferrell

Hæð: 191 sentimetrar.
Besta hlutverk: Frank the Tank í Old School. Frábær gamanmynd þar sem Ferrell fer á kostum.
Skrýtin staðreynd: Árið 2007 valdi tímaritið Autograph hann verstan af öllu frægu fólki í að gefa eiginhandarritanir.
Eitruð tilvitnun: „Það er bara eitthvað sem mér finnst fyndið við það að æpa.“

1967 Fæðist 16. júlí í Kaliforníu-fylki.

1995 Leikur í sinni fyrstu mynd, Bucket of Blood, sem var gerð fyrir sjónvarp.

1995 Ráðinn inn í Saturday Night Live-þættina og er valinn fram yfir Steve Carell. Eftir fyrsta árið hans lýstu því margir yfir að hann væri einhver verstí leikari þáttanna fyrr og síðar.

2000

Kvænist sænsku leikkonunni Vivecu Paulin. Þau eiga þrjá syni, Magnus, Mattias og Axel.



2002 Segir skilið við Saturday Night Live og á einn glæstasta feril þáttanna frá upphafi.

2003

Leikur í myndinni Old School sem nýtur mikilla vinsælda og seinna sama ár er kvikmyndin Elf frumsýnd, en hún malaði gull.



2005 Tilnefndur til Razzie-skammarverðlauna fyrir myndirnar Bewitched og Kicking & Screaming.

2007 Setur á laggimar grínvefinn Funny or Die ásamt Adam McKay, leikstjóra The Other Guys.

2009 Preytil frumraun sína á Broadway í sýningu þar sem hann leikur George Bush, en hann lék Bush margsinnis í Saturday Night Live.



WILL FERRELL ER TRÚVERÐUGASTA NEW YORK-LÖGGA KVIKMYNDASÖGUNNAR

Frumsýningar helgarinnar

The Other Guys

Leikstjóri: Adam McKay.
Aðalhlutverk: Will Ferrell, Mark Wahlberg, Samuel L. Jackson, Dwayne Johnson og Michael Keaton.
Lengd: 107 mínútur.
Dómar: IMDB: 7,0 / Metacritic: 6,4 / Rotten Tomatoes: 76%
Aldurstakmark: Bönnuð innan 10 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Háskólabíó.



Danson (Johnson) og Highsmith (Jackson) eru hörðustu og heitustu löggurnar í New York. Félagar þeirra, Gamble (Ferrell) og Hoitz (Wahlberg), eru algjör andstæða þeirra. Þeir eru engar hetjur, þeir eru „hinir“ gaurarnir. En allar löggur eiga sinn dag og Gamble og Hoitz lenda í ótrúlegu máli sem engin annar vill koma nálægt. Þetta er tækifæri lífs þeirra, en hafa þeir hreðjar í að klára verkefnið?

Ghost Writer


Leikstjóri: Roman Polanski
Aðalhlutverk: Ewan McGregor, Pierce Brosnan, Timothy Hutton, Kim Cattrall og James Belushi.
Lengd: 128 mínútur.
Dómar: IMDB: 7,6 / Metacritic: 7,7 / Rotten Tomatoes: 84%
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Kringlunni og Akureyri.



Rithöfundurinn (McGregor) er falið það verkefni að ljúka við æviminningar fyrrum forsætisráðherra Bretlands (Brosnan). Rithöfundurinn tjaslar saman handritinu og finnur vísbendingar um að fyrirrennari hans hafi fundið upplýsingar sem tengja Lang við afar vafasöm mál. Rithöfundurinn verður sérlega tortrygginn þegar hann kemst að því að fyrirrennari hans lést í vafasömu slysi.

Aulinn ég

Leikstjóri: Pierre Coffin og Chris Renaud.
Ísl. leikraddir: Pétur Jóhann Sigfússon.
Erl. leikraddir: Steve Carell, Jason Segel, Russell Brand og Julie Andrews.
Lengd: 95 mínútur.
Dómar: IMDB: 7,7 / Metacritic: 7,2 / Rotten Tomatoes: 79%
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Sambíóin Álfabakka og Laugarásbíó.



Í vel snyrtu úthverfi er eitt svart hús með dauðum gróðri í kring þar sem hinn óyndislegi Gru býr. Nágrannarnir vita ekki að undir húsinu hans er leynihellir, en Gru hyggur á heimisfyrirráð með því að stela tunglinu. Enginn getur stöðvað hann, nema kannski þrjár litlar, munaðarlausar stúlkur sem sjá nokkuð í Gru sem enginn annar sér, föðurmynd.

Future Of Hope

Leikstjóri: Henry Bateman.
Framleiðandi: Heather Millard.
Klipping: Elisabet Rónaldsdóttir.
Hljóð: Gunnar Steinn Úlfarsson.
Tónlist: Biggi Hilmarrsson.
Lengd: 75 mínútur.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Háskólabíó.



Heimildarmynd sem ætlað er að veita innsýn í jákvæðar hliðar sem íslenska þjóðfélagið hefur að geyma. Í myndinni eru kynntir til sögunnar einstaklingar sem hafa farið óhefðbundnar leiðir til að komast hjá gjaldþroti og rutt þar með ótroðnar slóðir, öðrum til hvatningar. Myndin er eftir tvo breska kvikmyndagerðarmenn, en var gerð í samvinnu við íslenskt framleiðsluteymi.

Hvað veistu um... kvenhetjurnar?

- 1 Hver lék Kattarkonuna í Batman Returns?
- 2 Hvað heitir ofbeldisfulla 11 ára stelpa í myndinni Kick-Ass?
- 3 Hver lék Brúðurina í Kill Bill-myndunum?
- 4 Við hvaða ófreskju barðist Clarice Sterling sem leikin var af Jodie Foster?
- 5 Í hvaða kvikmyndum lék Linda Hamilton hina svaðalegu Söru Connor?
- 6 Hver lék aðalhlutverkið í myndinni Thelma & Louise á móti Susan Sarandon?



- 7 Hver leikstýrði Hurt Locker og varð fyrsta konan til að hljóta Óskarsverðlaun fyrir leikstjórn?
- 8 Hvað heitir persónan sem Sigourney Weaver leikur í Alien-myndunum?
- 9 Hvaða þeldökka skvísa sló í gegn í blaxploitation-myndinni Foxy Brown árið 1974 og lék einnig aðalhlutverkið í Tarantino-myndinni Jackie Brown?
- 10 Hver lék Trinity í Matrix-myndunum?

Svör: 1. Michelle Pfeiffer, 2. Hit-Girl, 3. Uma Thurman, 4. Hannibal Lecter (í Silence of the Lambs), 5. Terminator, 6. Geena Davis, 7. Kathryn Bigelow, 8. Ellen Ripley, 9. Pam Grier, 10. Carrie-Anne Moss.

Samuel L. Jackson er 61 árs gamall. L-ið í nafninu hans stendur fyrir Leroy.

Popp-korn

Gróa á Leiti tók eftir því um daginn að Reese Witherspoon hafi hugsanlega bætt örliðu á sig. Fór fólk þá strax að velja því fyrir sér hvort hún væri ófrísk af barni umboðsmannsins Jim Toth sem hún hefur verið að hitta í nokkra mánuði. Talsmaður leikkonunnar vísar því þó algerlega á bug. Witherspoon hefur því líklega bara gerst svo djörf að stelast í einn eða tvo hamborgara.



Myndasöguhöfundurinn Mark Millar hefur staðfest að framhald verði gert af kvikmyndinni Kick Ass og mun sú mynd heita Kick Ass 2: Balls to the Wall. Þá er stefnt að því að fá stórstjörnur til að taka að sér hlutverk vondu kallanna og á meðal annars að ræða við Johnny Depp og Brad Pitt.



Shia LaBeouf er sá leikari sem skilar mestum hagnaði til kvikmynda-veranna fyrir hvern dollara sem í hann er eytt, eða alls 81 dollara. Skýst hann þar með fram úr köppum á borð við Johnny Depp og Robert Downey Jr. sem áður hafa toppað þennan lista. Það er svo leikkonan Anne Hathaway sem er næstaröbærasta fjárfestingin.



Óþekktarangi Lindsay Lohan segir í nýlegu viðtali að hún sé komin með nóg af djammilífminni og vilji nú fá ferilinn sinn aftur. Ef það þýði að hún verði að hætta að fara út að skemmta sér þá sé það samt þess virði. Fyrsta mynd Lohan um nokkurt skeið er væntanleg síðar á þessu ári. Sú mynd nefnist Machete en aðrir leikarar í henni eru meðal annars Robert DeNiro, Jessica Alba og Michelle Rodriguez.



Gandálfurinn og stórleikarinn Sir Ian McKellen leiddi gleðigöngu samkynhneigðra í Manchester á Englandi um helgina. Ian þótti taka sig vel út í svörtum, opnum sportbíl merktum nafninu Serena McKellan, en hann lét kalla sig það í tilefni dagsins.



LOKAPRÓFIÐ

2. september 2010



Nafn: Hjörvar Hafliða

Það sem ég fíla best í fari stelpna er að boer hafi gaman af húsvorkun en ég gæti aldrei verið með stelpu sem myndi láta mig gera rau.

Þú veist hver ég er af því að ég er eini maðurinn í sjónvarpi með frestur og stór eyru.



Ef ég ætti að stýra öðrum sjónvarpsþætti en Sunnudagsmessunni myndi ég hikaust velja

- a) Kastljósið
- b) Út og suður
- c) Nýtt útlit
- d) Matarást með Ríkka

vegna þess að ég vinna velt henni. Og svo finnst mér gaman að borða.



Ég og Gummi Ben erum

- a) Jordan og Pippen
- b) Í raun leikarar. Adolf Ingi Erlingsson



skrifar handritið að öllu sem við segjum.

- c) Elskhugar.
- d) Steini og Olli



Það besta við að búa í Kópavogi er Kínahafið við Nýbylaveg. Þá er Hamraborgin fræber.



Ég neyddist sjálfur til að hætta í fótboltanum vegna þess að

- a) Ég var orðinn alltof feitur.
- b) Ég var alltaf meiddur.
- c) Ég var of lélegur.
- d) Ég vildi einbeita mér að því að verða módel.
- e) Real, Juve, United og FC Bay voru alltaf hrinsja.



Átrúnaðargoðið mitt þegar ég var yngri var Sylvestre Stallone



Í dag finnst mér hann hins vegar vera meira en góð! 64 ára með vindbrúna mynd í heimi!

Ef ég væri dýr þá væri ég Fíll af því að ég man ótrúlegu stöðu á klústi.

Skítugasta leyndarmál góðvinnar mínar Gillzeneggers, sem enginn veit nema ég, er að hana er ástýgður Kisi. Hannur finnst ekkert betra en rómantísk. Þetta para-fers í sumarþúskit.

Eftirminnilegast frá HM í sumar er

- a) Fjandans Vuvuzela-hljóðið, ég næ því ekki úr hausnum á mér.
- b) Að ég fékk loksins almennilega útrás fyrir sjúklega þekkingu mína á fótbolta.
- c) Að fá borgað fyrir að sitja og horfa á fótbolta.
- d) Mátuneyti Rúv. Matur af gamla skóla.



Ef ég þyrfti að búa með einum af krökkunum úr South Park myndi ég velja

- a) Stan
 - b) Kyle
 - c) Cartman
 - d) Kenny
- vegna þess að hann er grótt harður!



Chelsea verður enskur meistari í vor en WBA, WIGMAN og Blackpool falla.

Mesti misskilningur mannkynsins er að Kák í gleri sé best. Súperdásin er lang best. Hákur líber af unaði.

Ef ég fengi að gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa þarf að kúka! Á ég að taka Maggan, söa fartölvuna með mér? Eða á ég bara birtu þessu?

fílófaxið

fimmtudagur

2 sept

BIGGIBIX OG SING FOR ME SANDRA

Sódóma
21:00 Biggibix og Sing for me Sandra leiða saman hesta sína á tónleikum á Sódómu. Miðaverð er 1.000 krónur.



MELCHIOR

Rosenberg
21:30 Hljómsveitin Melchior fagnar því að allar gömlu vinyllötur koma nú út í stafrænu formi. Gestasöngkona er engin önnur en Helga Möller.

DRAUMHVÖRF OG FÉLAGAR

Faktory
22:00 Hljómsveitirnar Draumhvörf, Mikado og Two tickets to Japan halda tónleika á Faktory. Húsið opnar klukkan 21 en tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 22.

föstudagur

3 sept

NORÐLENSK TÓNLISTARVEISLA

Menningarhúsið Hof, Akureyri
20:00 Nokkrar hljómsveitir ættaðar að norðan koma saman á tónleikum. Þær eru Hvanndalsbræður, Helgi og hljóðfæraleikarnir, Heffarnir og Bara-flokkurinn. Miðaverð er 2.400 krónur.



ÞUNGAVIGTARTÓNLEIKAR

Faktory
23:00 Hljómsveitirnar We Made God, Wistaria, Moldun og Hylur spila á tónleikum á Faktory. Húsið opnar klukkan 22 en tónleikarnir byrja klukkan 23. Miðaverð er 500 krónur.

HEIMKOMUTÓNLEIKAR

Sódóma
22:00 Hljómsveitin Who Knew er komin heim eftir tónleikaferðalag um Evrópu. Að því tilefni halda þeir tónleika á Sódómu ásamt Nolo, Quadruplos og On Jupiters orbit. Miðaverð er 500 krónur.

BÚDRÝGINDI

Venue
23:00 Hljómsveitin Búdrýgindi kemur fram á tónleikum í fyrsta sinn um nokkra hróð en ásamt þeim munu Sing for me Sandra stiga á svið. Aðgangur er ókeypis.

laugardagur

4 sept

UPPHITUN FYRIR PARTY ZONE

Kaffibarinn
14:00 Tuttugu ára afmæli Party Zone verður fagnað allan daginn á Kaffibarnum. Plötusnúðar úr þáttunum munu spila fyrir viðstadda allt til klukkan 20. Aðgangur er ókeypis.



PARTY ZONE 20 ÁRA

Nasa
22:00 Útvarpsþátturinn Party Zone fagnar 20 ára afmæli sínu í samvinnu við Rás 2, Icelandair og Corona. Fram koma Gus Gus, Rythmdoctor, Margerit & Árni E, Human Woman live og Casanova. Aldurstakmark er 20 ár og miðaverð er 2.500 krónur.

ÓLAFUR ARNALDS

Havari, Austurstræti
16:00 Plötubúðin Havari hefur haldið tónleika á laugardögum síðustu misseri og í þetta sinn er það Ólafur Arnalds sem kemur fram.

ÓKIND

Faktory
23:00 Hljómsveitin Ókind blæs til tónleika eftir langa fjarveru en gítarleikarinn Jón Þór úr hljómsveitinni Löðu Sport mun hita upp. Húsið opnar klukkan 22 en tónleikarnir hefjast klukkan 23. Aðgangur er ókeypis.



FÚSI Í 90 ÁR

Salurinn, Kópavogi
17:00 Bergþór Pálsson, Sigrún Hjálmtýsdóttir og Jónas Ingimundarson heiðra minningu Sigfúsar Halldórssonar sem hefði orðið 90 ára þann 7. september. Miðaverð er 2.900 krónur.

GÁMAN TRÍÓIÐ

Menningarhúsið Hof, Akureyri
20:00 Hið danska Gáman tríó tvinnar saman gamla norræna alþjóðtónlist og nýjar tónsmíðar. Hópurinn hefur leikið víða á Norðurlöndunum og vakið töluverða athygli. Miðaverð er 1.000 krónur.

Í SVÖRTUM FÖTUM

Hvítahúsið, Selfossi
23:00 Hljómsveitin Í Svörtum fötum kemur fram ásamt Friðrik Dór á fyrsta haustballi ársins í Hvítahúsinu á Selfossi. Aldurstakmark er 18 ár og tónleikarnir hefjast klukkan 23.

Síðast en ekki síst


» Tobba Marínósdóttir, fjölmiðlaprinsessa, fílar:

Kvikmyndin Ég er sjúk í **Coming to America** með Eddie Murphy enda er það klárlega ein skemmtilegasta gamanmynd fyrr og síðar. Hún inniheldur ódauðlegar línur á borð við: „When you think of trash, think of Akeem!“ Mynd sem allir verða að eiga. Snilld á sunnudögum!



nánast hvað sem er. Kynlíf, mat og útlit! Vissu þið að hófræru eru góð fyrir konur sem eiga erfitt með að blotna?

Platan Animal með Miike Snow. Er búin að hlusta hana í allt sumar og get ekki fengið leið á henni. Ég heyrði einhverstaðar að hann komi kannski á Airwaves. Vá þá þessa ég sko í mig af gleði!



Vefurinn Klárlega baggalutur.is til að hlæja og ellahelga. blog.is til að slefa, en það er dásamlegt og heilsusamlegt matablogg.

Staðurinn Prikið.

Dásamleg þjónusta, enn betra rauðvín og gott pláss til að spila. Þar sitjum við vinirnir oft og spilum og hlæjum fram á kvöld.




Sjónvarpsþátturinn

Arrested Development er tóm gleði. Þættirnir voru sýndir um stuttan tíma hér á landi en eru ekki lengur framleiddir, þó von sé á bíómynd eftir þeim. Snillingar á borð við unglinginn George Michael sem vinnur við að selja frosna banana og er skotinn í frænku sinni eiga sér engan líka.



Bókin Algjört Æði

eftir Esther Blum er snilldar þiðbók með upplýsingum um





Kíktu á Námuna á Facebook

2 fyrir 1 í bíó fyrir Námufélaga

Náman leggur námsmönnum lið með því að bjóða hagstæðari kjör, betri yfirsýn yfir fjármálin, 2 fyrir 1 í bíó*, 150 fríar færslur á ári, Námu A-kort með Aukakrónusöfnun auk fjölda annarra fríðinda.

Það er leikur að læra með Námunni.



Sara Snædis Ólafsdóttir,
Námufélagi og nemi í
lögfræði

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280

*Gildir í Laugavegi 69, Símaátt, Háskólabíó og Þingvallabíó min. 15m sé gætt með Námunni

Lauen: Dómar

